

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Garðabær, 15. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0051
IAS

Efni: Tillaga – breyting á aðalskipulagi, nýtt veiðihús í landi Hofs við Hofsá.

Vísað er í erindi frá skipulagsfulltrúa Vopnafjarðarhrepps, dagsettu 19. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Skilgreint er 2,2 ha verslunar- og þjónustusvæði á malarhjalla í landi Hofs við Hofsá þar sem byggja á nýtt veiðihús með gistirými fyrir allt að 25 manns. Reisa á tvær byggingar, veiðihús og starfsmannahús og er heildar byggingarmagn áætlað um 1.300 m². Kynntar eru tvær mögulegar staðsetningar en aðeins önnur þeirra, valkostur A, er talin koma til greina. Lagður verður nýr 500 m langur vegur og áætluð efnisþörf í framkvæmdirnar er um 6.000 m³. Efni verður tekið úr þremur eldri námum í malarbökkum í nágrenninu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar. Svæðið er lítið og er ekki innan neinna verndarsvæða. Það er gróðurlítið en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar finnast þar vistgerðir með mjög hátt verndargildi, runnamýravist og starungsmýravist. Það skal tekið fram að vistgerðakortið er ónákvæmt í þeim mælikvarða sem deiliskipulagið er unnið, en í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur fram að við staðsetningu bygginga verður horft til þess að hlífa vistgerðum með hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun er ekki með aðrar athugasemdir eða ábendingar á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

